

Krabbamein á Íslandi árið 2021 - horft til framtíðar

1951
2021

Brautryðjendastarf í 70 ár

70 ára afmælisráðstefna Krabbameinsfélags Íslands
fer fram fimmtudaginn 26. ágúst kl. 16:30 - 18:45
í Háskólanum í Reykjavík.

Á ráðstefnunni verður fjallað um krabbamein á Íslandi í víðu
sambandi, með hliðsjón af markmiðum Krabbameinsfélagsins
um að fækka þeim sem fá krabbamein, fjölga þeim sem lifa og
bæta lífsgæði sjúklinga og aðstandenda.

Til umfjöllunar verður meðal annars staða mála hér á landi,
áskoranir og nýjar leiðir og reynsla sjúklinga af greiningu og
meðferð.

Markmiðið með ráðstefnunni er að gefa góða yfirsýn yfir mála-
flokkinn, nú og til framtíðar en líka að leiða saman fólk sem
tengist málefnið með einhverjum hætti og eiga góða stund
saman.

Húsið opnar kl. 16:30, dagskrá hefst kl. 16:45 og áætluð
ráðstefnulok eru kl. 18:45.

Þátttaka er ókeypis. Léttar veitingar í boði að lokinni dagskrá.

Frestur til að skrá þátttöku er til og með 23. ágúst.

:: SKRÁNING ÞÁTTTÖKU

Á ráðstefnunni gefst tækifæri til að kynna rannsóknir með
veggspjöldum. Skráningarfrestur veggspjalds er til og með
23. ágúst.

:: SKRÁNING VEGGSPJALDS

Dagskrá:

Kl. 16:30 – Húsið opnar

Setning – Valgerður Sigurðardóttir, formaður
Krabbameinsfélagsins Íslands

Ávarp forseta Íslands

– Hr. Guðni Th. Jóhannesson

Faraldsfræði krabbameina á Íslandi

– Laufey Tryggvadóttir, forstöðumaður
Rannsókn- og skráningarseturs
Krabbameinsfélagsins

Helmingi færri – vilji er ekki allt sem þarf

– Birna Þórisdóttir, sérfræðingur í fræðslu og
forvörnum hjá Krabbameinsfélaginu

Að greinast með krabbamein, staðan í dag og horft til framtíðar

– Agnes Smáradóttir, yfirlæknir lyflækninga
krabbameina á Landspítala

Framfarir í krabbameinsmeðferð og for- vörnum - sniðum stakk eftir vexti

– Sigurdís Haraldsdóttir, dósent í krabba-
meinslækningum við HÍ og yfirlæknir í
krabbameinslækningum á Landspítala

Líkamleg einkenni og tilfinning fyrir að eitthvað sé að hefur mikið vægi í aðdraganda greiningar - niðurstöður úr stórrí íslenskri rannsókn

– Jóhanna Eyrún Torfadóttir, sérfræð-
ingur hjá Rannsókn- og skráningarsetri
Krabbameinsfélagsins

Áskoranir 70 ára afmælisbarns?

– Valgerður Sigurðardóttir, formaður
Krabbameinsfélags Íslands

Ávarp landlæknis

– Alma Dagbjört Möller, landlæknir

Kl. 18:45 – Ráðstefnuslit

